

**Nefndarálit og breytingartillaga
við tillögu að starfsreglum um breytingu á starfsreglum
um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum.**

Frá meirihluta löggjafarnefndar.
Frsm. Anna Guðrún Sigurvinsdóttir.

Löggjafarnefnd hefur fjallað um málið. Löggjafarnefnd náði ekki samstöðu í afstöðu sinni til málsins. Hér fer álit meirihluta nefndarinnar.

Á fund nefndarinnar kom biskup Íslands, flutningsmaður tillögunnar.

Í bréfi biskupafundar, dags. 11. ágúst 2021, til formanna sóknarnefnda sókna í Breiðabólstaðarprestakalli, Melstaðarprestakalli, Skagastrandarprestakalli, Þingeyrarklaustursprestakalli og presta og prófasts í Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi, kemur fram að biskupafundur hefur undanfarin ár lagt fram tillögur um sameiningar prestakalla á landsvísu. Með bréfi þessu var ofangreindum sóknarnefndum, prestum og prófasti gefinn kostur á að skila inn umsögnum til biskupafundar vegna tillögu um sameiningu Breiðabólstaðar-, Melstaðar-, Skagastrandar- og Þingeyrarklaustursprestakalla í eitt prestakall, Húnavatnsprestakall, þar sem sóknarprestur og tveir prestar þjóni. Í bréfinu voru einnig kynntar tillögur að sameiningu Hofsóss- og Hóluprestakalls, Sauðárkróksprestakalls, Glaumbæjarprestakalls og Miklabæjarprestakalls. Þá kemur fram í ofangreindu bréfi biskupafundar að vígslubiskupinn í Hólastifti hafi kynnt tillögur biskupafundar á héraðsfundi prófastsdæmisins þann 13. júní 2021.

Umsagnir um tillöguna bárust frá sóknarnefndum Melstaðarprestakalls, þ.e. Víðidalstungukirkju, Melstaðarsókn, Prestbakkakirkju og Staðabakkastaðarsókn og frá sóknarnefndum Breiðabólstaðarprestakalls, þ.e. Breiðabólstaðarsókn, Tjarnarsókn og Hvammstangasókn. Sóknarnefndirnar gátu ekki fallist á tillöguna utan einnar sóknarnefndar, Melstaðarsóknar, sem taldi víðtækari sameiningu prestakalla betri kost.

Að framangreindu virtu leggur meirihluti löggjafarnefndar til að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

breytingu:

12. gr. starfsreglnanna breytist svohljóðandi:

1. gr.

Breiðabólstaðarprestakall, Melstaðarprestakall, Skagastrandarprestakall og Þingeyraklaustursprestakall í Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi sameinist í eitt prestakall. Heiti hins nýja prestakalls verði Húnavatnsprestakall.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi 1. maí 2022.

Reykjavík, 27. mars 2022.

Meirihluti löggjafarnefndar.

Anna Guðrún Sigurvinsdóttir

Arna Grétarsdóttir.

Axel Árnason Njarðvík.

Bryndís Malla Elísdóttir.

Hildur Inga Rúnarsdóttir.

Hreiðar Örn Zoëga Stefánsson.

Skúli S. Ólafsson.

Stefán Magnússon